

Viðtals- og skráningargrunnur

Tungumál og reynsla

Stig 1



Viðtals- og skráningargrunnur – Stig 1

Upplýsingar til nemandans og forráðamanns fyrir viðtalið

Velkomin

- Þjóddu nemandann og forráðamann velkomin í skólann.
- Segðu frá Stöðumatinu sem skólinn mun leggja fyrir næstu vikur og markmiðum þess.

Markmið með Stöðumatinu

- Segðu frá því að skólinn vilji fá upplýsingar um bakgrunn nemandans, í hvaða skóla hann hefur verið, hvað honum finnst gaman að gera og fleira sem nemandinn vill segja frá sjálfum sér. Þetta er gert til þess að auðvelda skólanum að skipuleggja nám nemandans og hvaða námsefni hann þarf.

Innihald Stöðumatsins

- Segðu frá því að spurt verði um tungumál nemandans, fyrri skólagöngu, hversdagslíf og áhugamál og væntingar til skólans.
- Útskýrðu að nemandinn skuli svarasurningunum og ef þörf er á geti forráðamaður bætt við upplýsingum..
- Taktu skýrt fram að þetta sé ekki próf heldur viðtal og það er valfrjálst að svara spurningunum.
- Útskýrðu að niðurstöður úr samtalinu verði skráðar og þeim skilað til skólastjóra og umsjónarkennara nemandans.

Tími viðtalsins

- Segðu að viðtalið taki um það bil 70 mínútur.

Túlkur

- Í „Upplýsingar um túlka og túlkun“ eru allar upplýsingar um hvernig á að leggja Stöðumatið fyrir með túlk og fyrir þann sem túlkar.

Stuðningur við nemandann á meðan á viðtalinu stendur

- Útskýrðu að þú munir gefa nokkur dæmi fyrir hvern kafla.

Spurningar frá nemanda og forráðamanni

- Útskýrðu að eftir viðtalið megi nemandinn og forráðamaður spyrja ef eitthvað er óljóst.

Eftir Stöðumatið sjá bls. 12

Viðtals- og skráningargrunnur

Nafn nemanda:.....

Kennitala nemanda:.....

Forráðamaður:.....

Dagsetning og kennari:.....

Tungumál sem nemandi notar í viðtalinu:.....

Nafn túlks:.....

1. Tungumál

Markmið:

Spurningar um tungumál veita skólanum upplýsingar um:

- Hvernig nemandinn hefur notað tungumálið á heimilinu, í frítíma sínum og í skólanum
- Hvaða tungumál nemandinn getur notað í ólíkum námsgreinum og þróað áfram samhliða íslenskunámi

Leiðbeiningar til kennarans

- Segðu frá að þið munið tala um hvaða tungumál nemandinn hefur notað og hvar hann hefur búið áður. Ræddu um að þau tungumál sem nemandinn kann nú þegar eru mjög mikilvæg fyrir áframhaldandi nám og að skólinn hafi áhuga á að vita hvaða tungumál nemandinn notar í mismunandi aðstæðum.
- Meginspurningarnar eru í fyrsta dálki og eru feitletraðar.

Stuðningur við nemandann á meðan á viðtali stendur

Ef nemandinn á í erfiðleikum með að byrja, taktu þá dæmi af sjálfum þér eða öðrum um hvernig þið hafið notað tungumálið. Hér að neðan er dæmi um hvernig hægt er að styðja við nemandann í viðtalinu.

„Skólinn hefur áhuga á að vita hvaða mismunandi tungumál þú kannt og hvenær og hvernig þú notar þau. Ég ætla að segja þér hvaða tungumál ég kann og hvernig og hvar ég nota þau og síðan mátt þú segja mér frá. Móðurmál mitt er íslenska, ég lærði það fyrst og ég er best í því. Ég tala næstum alltaf íslensku, í vinnunni, við mömmu, pabba, systur og næstum því alla vini mína. Ég er líka frekar góð í ensku. Ég lærði ensku í skólanum frá níu ára aldri. Þegar ég er í námi les ég oft á ensku og þegar ég ferðast til annarra landa þá nota ég oft ensku. Ég kann líka smá í þýsku en ég tala þýsku mjög sjaldan svo ég er búin að gleyma miklu.“

Tungumál

Spurningar til nemandans	Valkvæðar spurningar	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður og skipulag
Skólinn vill vita hvaða tungumál þú kannt svo að þú fáir tækifæri til að nota þekkingu þína og tungumálakunnáttu. Svo mig langar að spyrja: - Hvaða tungumál kannt þú? - Hvernig hefur þú lært þau? - Hvernig notar þú þau? - Hvaða tungumál finnst þér auðveldast að nota? - Kanntu að lesa eða skrifa á fleiri en einu tungumáli? Ef já, hvaða? - Kanntu ensku? - Í hvaða aðstæðum notar þú ensku?	- Hvaða tungumál lærðir þú fyrst? - Hvaða tungumál hefur þú lært síðan? - Hvaða tungumál hefur þú notað mest? - Hvar og hvenær hefur þú notað málið, t.d. heima, í tölvuleikjum eða með vinum?	! Athugið hvaða mál getur nýst best fyrir - Stig 2 – læsi - Móðurmálskennslu - Kennslu í þriðja máli, t.d. frönsku, þýsku o.fl. ! Athugið hvort nemandinn notar tungumálið/málin bæði í tali og ritmáli. ! Athugið hvort nemandinn hefur fengið kennslu í ensku og hvernig hann notar ensku.		Kennsla í (krossið): ☐ Enska ☐ Þriðja mál ☐ Móðurmál
Spurningar til forráðamanna (ef þörf þykir)	Athugið		Athugasemdir	
Hvaða tungumál notið þið í fjölskyldunni? Hvaða tungumál notar barnið þitt mest og kann best, heima og í skólanum?	! Skráið hvaða tungumál er nemandanum tamast í daglegu lífi og í skólasamfélaginu.			

2. Fyrri skólaganga

Markmið

Spurningar um fyrri skólagöngu og menntun gefa skólanum:

- Mynd af sterkasta tungumáli nemandans í skólanum
- Mynd af skólagöngu nemandans miðað við aldur
- Upplýsingar um hvaða námsgreinum nemandinn hefur fengið kennslu í
- Upplýsingar um viðhorf nemandans til skólans og markmiða hans

Leiðbeiningar til kennarans

- Segðu frá að þið munið ræða um væntingar nemandans og fyrri reynslu hans af skóla og kennslu til að geta mætt nemandanum á forsendum hans. Reyndu að fá mynd af því hvaða námsgreinum og hvers konar kennslu nemandinn hefur reynslu af. Þú getur líka gefið nemandanum mynd af íslenska skólanum með því að nota svör hans til að bera saman við. Þannig getur nemandinn notað reynslu sína til að skilja nýjar kringumstæður.
- Ef nemandinn hefur enga skólagöngu notar þú spurningarnar um viðhorf nemandans til skóla og menntunar.
- Ef þörf er á, notaðu Fylgiskjal 1, *Yfirlit yfir námsgreinar skólans* sem stuðning þegar þú spyrð nemandann um hvaða námsgreinum hann hefur fengið kennslu í og hvaða námsgreinar eru kenndar í íslenska skólanum. Ef nemandinn hefur gengið í skóla og skilur stundatöflu getur hún einnig virkað sem stuðningur í viðtalinu.
- Meginspurningarnar eru feitletraðar.

Stuðningur við nemandann á meðan á viðtalinu stendur

Ef nemandinn á erfitt með að byrja getur þú tekið dæmi úr íslenska skólanum.

Fyrri skólaganga

Spurningar til nemandans	Valkvæðar spurningar	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður og skipulag
Skólinn vill vita hvort þú hefur verið í öðrum skóla og hvernig þið unnuð þar. Hefur þú verið í skóla áður? (Ef svarið er nei getur þú farið í kaflann Fyrri reynsla og áhugamál)	Hvað varstu gamall/gömul þegar þú byrjaðir í skóla? Hvað ertu búinn/n að vera mörg ár í skóla? Hefur skólagangan verið samfelld? Hvar hefur þú gengið í skóla (land/lönd)?	Athugið fyrri skólagöngu nemandans í tengslum við aldur.		Nemandinn hefur gengið í skóla: ☐ Já ☐ Nei Aldur nemandans í upphafi skólagöngu: Fjöldi ára í skóla: Tungumál nemandans í námi (eitt eða fleiri)? Sterkasta tungumál nemandans í skóla (fyrir stig 2):
Hvaða tungumál voru notuð í kennslustundum í skólanum? Hvaða tungumál finnst þér best að nota í mismunandi námsgreinum?	Notar þú ólík tungumál eftir því hvaða námsgrein þú varst að læra? Ef já, af hverju? Er stundum léttara fyrir þig að hugsa á einu tungumáli en tala og skrifa á öðru?	Skráið á hvaða tungumáli nemandinn hefur fengið kennslu og hvaða tungumál nemandinn hefur notað í námi.		Önnur tungumál sem nemandinn hefur fengið kennslu á: Námsgreinar sem geta skipt máli fyrir stöðumat á Stigi 3.
Í hvaða námsgreinum hefur þú fengið kennslu? Í hversu mörg ár hefur þú fengið kennslu í þessum námsgreinum?		! Athugið hvaða stuðning nemandinn mun þurfa.	Kennsla í námsgreinum (árafjöldi): Myndmennt, enska, heimilisfræði, íþróttir, stærðfræði, tónmennt, náttúrufræði, efnafræði, eðlisfræði, landafræði, saga, trúarbragðafræði, samfélagsfræði, smíði, textíl og fl. Aðrar námsgreinar:	

Fyrri skólaganga

Spurningar til nemandans	Valkvæðar spurningar	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður og skipulag
Segðu aðeins frá kennslunni, getur þú lýst því hvernig þið unnuð í einhverjum námsgreinum?	(Tengdu við einhverjar námsgreinar sem nemandinn hefur talað um áður) - Hvað gerði kennarinn, hvað gerðu nemendurnir? - Unnið þið oftast ein, paravinnu eða í hóp? - Unnuð þið með sérstaka kennslubók í hverri námsgrein eða unnuð þið með ólíka texta og kennsluefni? - Hve oft fenguð þið heimavinnu? Hvers konar heimavinnu? - Hvernig var námsmati háttað (kynning, próf o.fl.)? - Hvaða námsgreinar fannst þér skemmtilegastar?	! Takið eftir upplifun nemandans á skólanum, hvaða námsgreinar finnast honum skemmtilegar og hvaða námsgreinar eru erfiðar eða vekja minni áhuga og af hverju? ! Takið eftir því hvernig nemandinn lýsir kennslunni og vinnuumhverfinu. Þannig fæst mynd af því hvers konar kennsluhefð nemandinn er vanur og hvernig náminu var háttað.		Kennsla í (krossið): ☐ Enska ☐ Þriðja mál ☐ Móðurmál
Spurningar til forráðamanna (ef þörf þykir)	Athugið		Athugasemdir	
Hvernig hefur fyrri skólagöngu barnsins þíns verið háttað? Við þurfum að vita það til að geta skipulagt kennslu á sem bestan hátt. Hvaða samband þú/þið hafðir við skóla barnsins: Hvaða hlutverk höfðu foreldrarnir í skólanum?	! Takið eftir hvað forráðamenn segja um kennsluna. ! Takið eftir hvaða upplýsingum forráðamenn leita eftir varðandi skólann.			

Tóku foreldrarnir þátt í skólagöngu barnsins?		
---	--	--

3. Fyrri reynsla og áhugamál

Markmið

Spurningar um fyrri reynslu og áhugamál hjálpa skólanum að:

- Fá upplýsingar um hversdagslíf nemandans
- Finna út hvaða styrkleika nemandinn hefur þróað með sér í gegnum mismunandi reynslu og áhugamál
- Fá upplýsingar um reynslu nemandans af stafrænum tækjum

Leiðbeiningar til kennarans

- Segðu frá að þið munið ræða um fyrri reynslu og áhugamál nemandans. Ræddu um að það er ekki bara í skólanum sem nám fer fram heldur einnig í gegnum reynslu og áhugamál.
- Fyrir nemendur sem hafa enga fyrri skólagöngu geta spurningar um fyrri reynslu og áhugamál verið sérstaklega mikilvægar, þær gefa nemandanum tækifæri til að ganga út frá fyrri þekkingu.
- Meginspurningarnar eru feitletraðar.

Stuðningur við nemandann á meðan á viðtalinu stendur

Ef nemandinn á erfitt með að byrja getur þú tekið dæmi um hvernig dagskipulag hjá þér getur litið út þegar þú ert í fríi.

Fyrri reynsla og áhugamál

Spurningar til nemandans	Valkvæðar spurningar	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður og skipulag
Nú ætlum við að tala um reynslu þína og áhugamál þín þegar þú ert ekki í skólanum. • Segðu aðeins frá reynslu þinni og áhugamálum og hvað þér finnst gaman að gera. • Í skólanum notum við tölvur og önnur snjalltæki. Notaðir þú tölvur, iPad eða síma í fyrri skólanum þínum? Ef já: • Hvenær, hvar og hvernig? • Á hvaða tungumáli/málum?		! Takið eftir hvort nemandinn hefur áhugamál sem geta nýst honum í skólanum. ! Takið eftir hvernig/hvort nemandinn hefur notað rafræn námsgögn, s.s. rafrænar orðabækur.		Áhugamál og reynsla sem tengist skólanum og getur flýtt fyrir námi og aðlögun: Er nemandinn vanur að nota stafræna tækni? ☐ Já ☐ Nei ☐ Að hluta til Tækni sem getur hjálpað nemandanum:
Spurningar til forráðamanna (ef þörf þykir)	Athugið		Athugasemdir	
• Á barnið þitt einhver sérstök áhugamál sem þú heldur að það geti nýtt sér í skólanum? Sérlega mikilvægt að spyrja um ef nemandinn á enga skólagöngu að baki: • Hvaða styrkleika telur þú barnið þitt hafa sem skólinn ætti að vita um?	! Takið eftir því hvaða áhugamál forráðamaðurinn nefnir			

4. Væntingar

Markmið

Spurningar um væntingar gefa skólanum:

- Skilning á væntingum nemandans til íslenska skólans
- Mynd af markmiðum nemandans með skólagöngu og framtíðardraumum hans
- Tækifæri til að byggja brú milli skilnings nemandans og forráðamanna og væntinga skólans.

Leiðbeiningar til kennarans

- Útskýrðu að þið munið ræða um væntingar nemandans til íslenska skólans og framtíðarhugsanir hans til að geta skipulagt skólabyrjun og kennslu fyrir nemandann.
- Spurningarnar á þessu sviði geta verið erfiðar fyrir yngri nemendur og nemendur sem hafa enga skólagöngu að baki. Sumir nemendur eiga erfitt með að hugsa fram í tímann og því er mikilvægt að þú sért skilningsríkur og styðjir nemandann á meðan á viðtalinu stendur. Það getur verið mikilvægt að þú sért með endurgjöf í viðtalinu, t.d. með því að staðfesta eða útskýra og bæta við svar nemandans.
- Meginspurningarnar eru feitletraðar.

Stuðningur við nemandann á meðan á viðtalinu stendur

Ef nemandinn á erfitt með að byrja getur þú sagt honum að skólar séu ólíkir í mismunandi löndum.

Væntingar

Spurningar til nemandans	Valkvæðar spurningar	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður og skipulag
Ef nemandi hefur ekki gengið í skóla eða hefur brotakennda skólagöngu: - Hvað veist þú um skólann í því landi/löndum sem þú bjóst í? - Getur þú sagt okkur frá skólanum, hvað nemendur lærðu í skólanum? - Hvaða námsgreinar voru kenndar?		! Takið eftir hvaða reynslu nemandinn hefur af skóla og hvaða væntingar hann hefur um að byrja skólagöngu á Íslandi. Einnig hvort nemandinn lýsir miklum eða litlum mun á skólanum á Íslandi og því landi eða löndum sem hann hefur búið í.		Hvaða íhlutun þarf til þess að styrkja mál og námsþroska nemandans og félagslega aðlögun? Hvernig er hægt að nýta fyrri reynslu nemandans við skipulagningu náms? Tengill við námsráðgjafa:
Spurningar til allra nemenda: - Hvernig líður þér með að byrja í íslenskum skóla? - Á hvaða hátt gæti skólinn verið líkur eða ólíkur skólanum sem þú varst í áður? - Er einhver námsgrein sérstaklega mikilvæg fyrir þig? Og af hverju? - Hverjir eru framtíðardraumar þínir? - Er eitthvað sem ég hef ekki spurt um sem þér þykir mikilvægt að við vitum?	- Hvað vilt þú starfa við þegar þú verður fullorðin/n?			

Væntingar

Spurningar til forráðamanna (ef þörf þykir)	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður
Til forráðamanns sem á barn sem hefur ekki gengið í skóla: • Segðu frá hvaða tilfinningu barnið þitt hefur um skólann og nám. • Hefur barnið þitt reynslu af námi sem fór fram annars staðar?			

Spurningar til allra forráðamanna	Athugið	Athugasemdir	Niðurstöður
• Þekkir þú til íslenska skólakerfisins? • Hvaða munur heldur þú að sé á milli íslenska skólans og þeirra skóla sem nemandinn hefur verið í? • Er eitthvað fleira sem þú vilt vita um íslenska skólakerfið? • Er eitthvað fleira sem þú vilt vita um þennan skóla?	Taktu eftir væntingum forráðamanna og einnig ef það eru áhyggjur af einhverju eða frekari upplýsingar vantar.		

Áður en Stig 2 er lagt fyrir:

Í lok samtalsins skaltu spyrja nemandann og forráðamann hvort þeir hafi einhverjar spurningar um það sem fram fór í viðtalinu eða um skólann. Útskýrðu að nemandinn muni einnig fara í annað Stöðumat sem muni meta reynslu nemandans í lestri, skrift og talnaskilningi. Til að geta skipulagt fyrirloðgn Stöðumatsins þarf skólinn að vita hvaða tungumáli nemandinn heldur að hann sé bestur í á þessu sviði.

Ósk nemandans um tungumál fyrir Stöðumat 2

Læsi:

Talnaskilningur: